

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri



Sjálfsmatsskýrsla

2016-2017

Inngangur

Megin inntak innra mats Barnaskólans á Eyrarbakka skólaárið 2016-2017 snýr að starfsmannakönnun og nemendakönnun sem lagðar voru fyrir á skólaárinu. Einnig voru niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum Menntamálastofnunnar rýndar og nýttar við innra mat. Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna til heilsueflandi grunnskóla eru einnig hluti af innra mati skólans skólaárið 2016-2017. Niðurstöður úr könnunum frá Rannsóknunum og greiningu á högum unglunga eru einnig hafðar til hliðsjónar í innra mati skólans.

Nemendakönnun skólapúlsins

Matsteymi rýndi í niðurstöður könnunarinnar og dró út þætti sem annað hvort vöktu athygli teymisins eða sýndu afgerandi breytingar frá fyrri könnunum. Á heimasíðu skólans er að finna skýrslu sem sýnir helstu niðurstöður og eru eftirfarandi þættir fengnir úr skýrslunni:

- Tíðni hreyfingar nemenda sem hreyfa sig tvisvar eða oftar í viku er 22% undir landsmeðaltali.
- Trú nemenda á eigin getu í námi fer minnkandi.
- Nemendur virðast síður borða hollan mat en í fyrri könnunum.
- Ánægja af lestri og þrautseigja í námi fer minnkandi.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins

Eftirfarandi þættir vöktu athygli matsteymis og eru hér dregnir út til frekari umfjöllunar:

- Fjöldi starfsmanna sem fengu starfsmannaviðtöl er 15,5% fleiri en á landsvísu.
- Einelti meðal starfsmanna er 9% hærra en landsmeðaltal.
- Ánægja með upplýsingaflæði minnkar og starfsánægja minnkar.
- Faglegur stuðningur við kennara eykst.
- Í opnum svörum lýsa starfsmenn ánægju með sveigjanleika á vinnutíma og jákvæð viðhorf stjórnenda gagnvart því.

Viðhorfskönnun starfsmanna til heilsueflandi grunnskóla

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri hóf innleiðingu á heilsueflandi grunnskóla í sitt staft skólaárið 2016-2017. Viðhorfskönnun var lögð fyrir starfsmenn til þeirrar vinnu. Helstu niðurstöður þeirra könnunar voru þessar:

- Afgerandi jákvæð viðhorf starfsmanna til að taka þátt í innleiðingu heilsueflandi grunnskóla í skólastarf Barnaskólans.
- Meirihluti starfsmanna líður vel á vinnustað
- Þriðjungur starfsmanna upplifir álag í starfi.

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk

Í heildina eru stjórnendur og kennarar sáttir við niðurstöður kannana. Vissulega er alltaf rúm fyrir framfarir og greindu kennarar niðurstöðurnar með stjórnendum. Þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

- Lesskilningur nemenda verður slakari á miðstigi.
- Ritunarþætti nemanda á mið- og unglingsstigi er ábótavant
- Einstakir þættir stærðfræðinnar þarfnast meiri athygli í 7. og 10. bekk

Niðurstöður Rannsóknar og greiningar

Árlega fara stjórnendur skólanna í Árborg saman yfir niðurstöður um líðan og hagi nemenda í sveitarfélaginu og kynna kennurum og öðru starfsfólki. Niðurstöður fyrir árið 2016 voru helst þessar:

- Aukin kvíða er að finna hjá unglingsstúlkum í Árborg.

Tillögur að úrbótum

Stjórnendur vilja leggja til eftirfarandi úrbætur á innra starf Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri skólaárið 2017-2018:

1. Að nemendur verði hvattir til að notfæra sér þau úrræði sem eru í boði í íþrótt- og tólmstundastarfi Árborgar til að auka hreyfingu meðal þeirra. Áfram verður boðið upp á mikla hreyfingu, íþróttir, sund og skólahreysti í stundatöflu skólans. Einnig að nemendum verði gert grein fyrir mikilvægi hreyfingar og neyslu heilbrigðra matvæla, heilsueflandi grunnskóli hjálpar til að við auka þá menningu meðal nemenda.
2. Að unnið verði með öllum ráðum að aukinni tiltrú nemenda á eigin getu. Bæði námslega og félagslega og skal stefnt að því að kennarar vinni markvisst að því að byggja upp sjálfstraust sinna nemenda. Að þessu verði einnig unnið í samstarfi við skólaþjónustu, félagsmiðstöð og forvarnarteymi Árborgar.
3. Að vinna námsráðgjafa með nemendum verði aukin, unnið verði að markmiðasetningu og lögð meiri áhersla á námstækni. Áfram verði unnið að auknum leshraða, lesskilningi og áfram innið að innleiðingu lestrarmenningar á unglingsstigi. Góð samvinna við öflugt skólabókasafn verði aukin enn frekar.
4. Að einelti og samskiptavandi meðal starfsmanna verði kortlagður og að lögð verði áhersla á góð samskipti innan stofnunarinnar. Fengin verði sérfræðingur á því sviði strax á upphafsdögum skólaársins 2017-2018 sem leggur inn leiðir til að efla og bæta samskipti á vinnustað.
5. Stjórnendur greini með hvaða hætti hægt verði að efla upplýsingagjöf til starfsmanna og komi úrbótu á hið fyrsta. Stjórnendur kanni hvort upplýsingaskjái á vinnu-/ kaffistofum starfsmanna geti verið hluti lausnarinnar.
6. Að markvisst verði unnið að því að draga úr álagi með stuðningi við starfsmenn og dreifðu álagi.
7. Að taka inn næsta þátt heilsueflandi grunnskóla þar sem markmiðið verði áfram að efla geðrækt starfsfólks og nemenda og huga að aukinni hreyfingu, starfsmannagöngum og fleira.

8. Að kennarar Barnaskólans haldi áfram að sækja símenntun og efla sig sem fagmenn. Að þeir haldi áfram að efla tengsl við aðra kennara í Árborg og í anda lærdómssamfélagsins stuðli að eigin færni og þar af leiðandi betri árangri nemenda. Stjórnendur muni einnig auka faglegan stuðning veð nemendur og tryggja að stoðþjónusta skólans stuðli að skóla á aðgreiningar og frekari árangurs.

Stokkseyri og Eyarbakki, júní 2017

Páll Sveinsson, aðstoðarskólastjóri

Sigríður Pálsdóttir, sérkennari

Niðurstöður úrbótavinnu – júní 2018

- Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur hjá sálfræðistofunni Af líf og sál, heimsótti starfsmenn og fjallaði um góð samskipti á vinnustað strax í upphafi skólaárs 2017-2018. Samskiptavandi kom upp á vinnustaðnum fljótlega á haustönn og var fyrirtækið Af líf og sál fengið til að gera úttekt á samkiptum á vinnustaðnum, greina og koma með tillögur til úrbóta. Fyrirtækið tilkynnti og sagði frá sinni greiningarvinnu í nóvember 2017. Markviss var farið í úrbætur á vinnustaðnum þar sem óskað var eftir þátttöku allra starfsmanna. Í starfsmannakönnunum um við horf til heilsuefingar sem lögð var fyrir vor 2018 kom fram betri líðan starfsmanna á vinnustað.
- Stjórnendur efldu upplýsingagjöf, upplýsingaskjáiur voru settir upp á báðum vinnustöðum, vikulegt fréttabréf var áfram gefið úr og upplýsingagjöf í tölvupóstum eflid.
- Deildarstjóri yngra stigs var ráðinn í ágúst 2017 og starfshlutfall hans aukið úr 50% stöðu í fulla stjórnendastöðu. Markmiðið með því var m.a. að styðja faglega við kennara á yngra stigi og létta álagi af kennurum og öðrum starfsmönnum.
- Námskeið og markviss hópavinna var á vegum skólaþjónustu, forvarnarráðs Árborgar og félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz skólaárið 2017-2018 með góðum árangri.